

Skipulags- og samgönguráð

Ár 2019, miðvikudaginn 29. maí kl. 9:04 var haldinn 38. fundur skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð. Ráðssal. Viðstödd voru: Sigurborg Ó. Haraldsdóttir, Gunnlaugur Bragi Björnsson, Aron Leví Beck, Hjálmar Sveinsson, Eyþór Laxdal Arnalds, Hildur Björnsdóttir, Valgerður Sigurðardóttir og áheyrnarfulltrúarnir Sanna Magdalena Mörtudóttir, Baldur Borgþórsson og Ásgerður Jóna Flosadóttir. Eftirtaldir embættismenn sátu fundinn: Ólöf Örvarsdóttir, Björn Axelsson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir, Þorsteinn Hermannsson og Sigurjóna Guðnadóttir. Starfsfólk skipulagsfulltrúa sitja fundinn, eftir atvikum undir liðum 1-20. Starfsfólk skrifstofu samgöngustjóra, borgarhönnunar hjá umhverfis- og skipulagssviði sitja fundinn undir lið 2, 3 og 23. Fundarritari var Glóey Helgudóttir Finnsdóttir.

Þetta gerðist:

(A) Skipulagsmál

1. **Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, fundargerð** Mál nr. SN010070

Lagðar fram fundargerðir embættisafgreiðslufunda skipulagsfulltrúa frá 17. og 24. maí 2019.

2. **Hlemmur, reitur 1.240.0, lýsing** (01.2) Mál nr. SN190145

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju lýsing umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 1. mars 2019, vegna nýs deiliskipulags reits 1.240.0 Hlemmur í kjölfar hugmyndasamkeppni um svæðið, sem felst í endurskipulagningu svæðisins fyrir forgangsakreinar hágæða almenningssamgangna, ný gatnamót við Snorrabraut/Bríetartún, nýtt torg og göngugötur, afmörkun byggingarreitar fyrir flutningshúsið Norðurpóll og nýrra léttra mannvirkja fyrir verslun og þjónustu og ný afmörkun deiliskipulagsreita á svæðinu. Tillagan var auglýst frá 27. mars 2019 til og með 8. maí 2019. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Kristófers Oliversonar f.h. lóðarhafa Laugavegar 120 dags. 7. maí 2019. Eftirtaldar stofnanir sendu umsagnir: Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur dags. 2. apríl 2019, Skipulagsstofnunar dags. 4. apríl 2019 og Vegagerðin dags. 15. apríl 2019, Umhverfisstofnun dags. 22. maí 2019. Kynnt.

Jón Kjartan Ágústsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

3. **Hlemmur, reitur 1.240.0, forhönnun** Mál nr. US190177
Hlemmtorgs

Kynnt forhönnun Hlemmtorgs.

Martin Arfalk og Andrei Deacu fulltrúar Manda Works, Dagný Bjarnadóttir fulltrúi DLD, Jón Kjartan Ágústsson verkefnisstjóri, Ingvar Jón Bates Gíslason verkefnisstjóri og Edda Ívarsdóttir verkefnisstjóri taka sæti á fundinum undir þessum lið.

4. **Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, íbúðarbyggð og blönduð byggð, breyting á aðalskipulagi Reykjavíkur** Mál nr. SN190323

Kynnt drög að verklýsingu umhverfis- og skipulagssviðs dags. 1. maí 2019 vegna fyrirhugaðrar tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030.

Íbúðabyggð og blönduð byggð 2010-2030/2040. Í tillögnum felst endurmat á forgangsröðun og þéttleika uppbyggingar á grundvelli markmiða um breyttar ferðavenjur, uppbyggingu Borgarlínu og stefnu í loftlagsmálum. Einnig eru lagðir fram viðaukar og matslýsing VSÓ ráðgjafar dags. 22. maí 2019. kynnt.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins legur fram svohjóðandi bókun:

Mikil áhersla er lögð á að byggja upp nýtt íbúðarhúsnæði sem næst miðborginni og nærhverfum. Nú er staðan á fasteignamarkaði þannig, að í og við miðborgina standa að líkindum yfir 400 nýjar íbúðir óseldar og fer fjölgandi, á verði frá 29,5 milljónir og uppúr. Hér er um að ræða staði eins og Efstaleiti, Hafnartorg, Bríetartún, Tryggvagötu, Hverfisgötu og víðar. Á sama tíma staldra nýjar íbúðir í úthverfum borgarinnar, sem dæmi í Úlfarsárdal mjög stutt við. Svo virðist sem áhugi hins almenna borgara á að búa í og við miðborgina sé afar takamarkaður og því leggur fulltrúi Miðflokksins til að megináhersla verði lögð á uppbyggingu í úthverfum borgarinnar, þar er eftirspurnin og þar er vöntunin.

Haraldur Sigurðsson deildarstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

5. **Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, efnisvinnslusvæði í Álfsnesvík, breyting á aðalskipulagi**

Mál nr. SN170737

Að lokinni kynningu er lögð fram að nýju tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 varðandi efnisvinnslusvæði í Álfsnesvík dags. uppf. 29. maí 2019. Einnig er lögð fram umhverfisskýrsla Alta dags. uppf. 29. maí 2019, ásamt tillögu að breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2040 dags. 29. desember 2018, uppf. 29. maí 2019. Jafnframt er lögð fram fornleifaskráning Borgarsögusafns Reykjavíkur og bréf Minjastofnunar Íslands dags. 17. júlí 2018. Kynning stóð til og með 20. september 2018. Eftirtaldir sendu umsagnir/athugasemdir: Orkustofnun dags. 12. september 2018, Vegagerðin dags. 19. september 2018, Faxaflóahafnir dags. 19. september 2018, Borgarsögusafns Reykjavíkur dags. 19. september 2018, Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur dags. 19. og 20. september 2018, Náttúrufræðistofnun Íslands dags. 24. september 2018, Mosfellsbær dags. 24. september 2018, Umhverfistofnun dags. 3. október 2018, Minjastofnun Íslands dags. 3. október 2018, Kópavogsbær dags. 3. október 2018, Mosfellsbær dags. 15. október 2018 og Seltjarnarnesbær dags. 17. október 2018.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, ásamt umhverfisskýrslu sbr. lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. .

Vísað í borgarráð.

Hrafnhildur Brynjólfssdóttir fulltrúi Alta og Björn Ingi Edvardsson verkefnastjóri taka sæti á fundinum undir þessum lið.

6. **Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2040, breytt vaxtamörk á Álfsnesi - breytinga á svæðisskipulagi**

Mál nr. SN170934

681077-0819 Samtök sveitarfélaga á höfuðbsv, Hamraborg 9, 200 Kópavogur 530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lögð fram tillaga samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu dags. 14. desember 2018, uppf. 29. maí 2019 að breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2040 varðandi breytt vaxtamörk á Álfsnesi. Einnig er lögð fram umhverfisskýrsla VSÓ ráðgjafar dags. 29. maí 2019.

Samþykkt.
Vísað í borgarráð.

Hrafnhildur Brynjólfsdóttir fulltrúi Alta og Björn Ingi Edvardsson
verkefnastjóri taka sæti á fundinum undir þessum lið.

7. **Álfsnesvík**, nýtt deiliskipulag (36.2) Mál nr. SN190324

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að nýju deiliskipulagi fyrir iðnaðarsvæði við Álfsnesvík. Í tillögunni er verið að skilgreina 7,5 ha lóð fyrir alla almenna starfsemi Björgunar á Álfsnesi. Um er að ræða efnisvinnslusvæði með viðlegukanti, þar sem landað er seti af hafsbotni. Hámarks byggingarmagn er 1.000 fm innan byggingarreits, auk 300 fm fyrir skýli utan byggingareita o.fl. samkvæmt uppdr. Alta dags. 29. maí 2019 og greinargerð Alta dags. 29. maí 2019.

Skipulags- og samgönguráð leggur til að gerðar verði breytingar á deiliskipulagstillögunni áður en það fer í auglýsingu. Lagt er til að ákveðnar verði tekið á landmótun og öðrun umhverfisfrágangi við svæðið í greinargerð.

Samþykkt er að auglýsa tillögu með þeim breytingum sem komu fram á fundinum samkvæmt 1. mgr. 41. gr. sbr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, ásamt umhverfisskýrslu sbr. lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.
Vísað í borgarráð.

Hrafnhildur Brynjólfsdóttir fulltrúi Alta og Björn Ingi Edvardsson
verkefnastjóri taka sæti á fundinum undir þessum lið.

8. **Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, iðnaður og önnur landfrek starfs,** Mál nr. SN180088
breyting á aðalskipulagi

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 varðandi Iðnað og aðra landfreka starfsemi dags. í febrúar 2019 uppf. 19. mars 2019 og umhverfisskýrsla VSÓ ráðgjafar dags. í febrúar 2019. Einnig er lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 14. mars 2019. Tillagan var auglýst frá 29. mars 2019 til og með 10. maí 2019. Eftirtaldir stofnanir sendu umsagnir: Vegagerðin dags. 4. apríl 2019, Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur dags. 8. maí 2019, Garðabær dags. 13. maí 2019 og Minjastofnunar Íslands dags. 22. maí 2019. Einnig er lögð fram umsögn deildarstjóra aðalskipulag Reykjavíkur dags. 24. maí 2019.

Samþykkt með vísan til umsagnar deildarstjóra aðalskipulags Reykjavíkur dags. 24. maí 2019.

Vísað til borgarráðs.

Haraldur Sigurðsson deildarstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

9. **Frakkastígsreitur 1.172.1**, (fsp) (01.172.1) Mál nr. SN180793
Laugavegur 33, 33a, 33b, 35, 37 og
Vatnsstígur 4

621097-2109 Zeppelin ehf, Skeifunni 19, 108 Reykjavík
530302-3420 Leiguíbúðir ehf, Pósthólf 8814, 128 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Zeppelin ehf. dags. 13. nóvember 2018 ásamt greinargerð dags. 9. nóvember 2018 um breytingu á deiliskipulagi reits 1.172.1, Frakkastígsreits, vegna lóðanna nr. 33, 33A, 33B, 35 og 37 við Laugaveg og 4 við Vatnsstíg sem felst í að hús að Laugavegi 33 og 33B verði færð í átt að upprunalegu útliti, hús að Laugavegi 35 verði hækkað um eina hæð og timburhluti sama húss verði endurbyggður og hækkaður um eina hæð, hús að Laugavegi 33A

og Vatnsstígi 4 verði rifin og ný byggð í þeirra stað, uppbyggingu að Laugavegi 37 o.fl., samkvæmt tillögu Zeppelin ehf. dags. 12. nóvember 2018. Einnig eru lagðir fram skuggavarpuppdr. dags. 12. nóvember 2018. Jafnframt er lögð fram umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 29. nóvember 2018 og tölvupóstur Orra Árnasonar arkitekts ásamt greinargerð Húsverndarstofnunar Íslands um ástand húss ódags. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar dags. 11. mars 2019. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. maí 2019.

Samþykkt með þeim breytingum sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. maí 2019.

Vísað í borgarráð.

Margrét Þormar verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

10. **Laugavegur 37**, (fsp) nýbygging á baklóð (01.172.1) Mál nr. SN190202
650308-0180 Smáfuglar ehf., Pósthólf 806, 121 Reykjavík
691004-2790 Kurt og Pí ehf, Skólavörðustíg 2, 101 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 26. apríl 2019 var lögð fram fyrirspurn Smáfugla ehf. dags. 22. mars 2019 um nýbyggingu á baklóð Laugavegs 37. Gert er ráð fyrir að byggt verði ofan á núverandi vinnustofu og að tímurbbygging á baklóð verði flutt annað. Byggingin verði þrjár hæðir auk rishæðar og kjallara. Á jarðhæð verði gert ráð fyrir verslunum og/eða þjónustu og á efri hæðum verði íbúðir, samkvæmt uppdr. Kurt og Pí ehf. dags. 22. mars 2019. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. maí 2019.

Kl. 11:20 vikur Eyþór Laxdal Arnalds af fundi.

Kl. 11:29 tekur Marta Guðjónsdóttir sæti á fundinum.

Samþykkt með þeim breytingum sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. maí 2019.

Vísað í borgarráð.

Margrét Þormar verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

11. **Kjalarnes, Esjumelar**, breyting á deiliskipulagi (34.2) Mál nr. SN190104

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, að breytingu á deiliskipulagi Esjumela á Kjalarnesi. Í breytingunni felst í að rýmka heimildir fyrir iðnaðarstarfsemi með ákveðnum skilyrðum, á tiltekinni lóð á Esjumelum í samræmi við aðalskipulagsbreytingu fyrir svæðið sem er auglýst samhliða. Jafnframt er gert ráð fyrir lóð undir veitumannvirki við norðvesturenda svæðisins, samkvæmt uppdr. Landmótunar dags. 13. febrúar 2019. Tillagan var auglýst frá 27. mars 2019 til og með 8. maí 2019. Engar athugasemdir bárust. Einnig er lögð fram umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 22. maí 2019.
Samþykkt.

Björn Ingi Edvardsson verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

12. **Skálafell**, breyting á deiliskipulagi (35.3) Mál nr. SN190083
500299-2319 Landslag ehf, Skólavörðustíg 11, 101 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Landslags ehf. dags. 8. febrúar 2019 ásamt greinargerð ódags. varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir skíðasvæðið í Skálafelli, sem er í samræmi við samþykkt framtíðaráform samstarfsnefndar Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Í breytingunni felst m.a. að fella út og sameina byggingarreiti fyrir skíðalyftur, færa byggingarreiti fyrir smáhýsi, minnka það svæði sem skilgreint er fyrir skíðabrekkur, fækka mögulegum bílastæðum, fjölga valkostum um vatnslón fyrir snjóframleiðslu o.fl., samkvæmt uppdr. Landslags ehf. dags. 14. febrúar 2019 br. 16. maí 2019. Tillagan var auglýst frá 27. mars 2019 til og með 8. maí 2019. Engar athugasemdir bárust. Eftirtaldar stofnanir sendu umsagnir: Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur dags. 10. apríl 2019, Vegagerðin dags. 15. apríl 2019, Mosfellsbær dags. 29. apríl 2019, Skipulagsstofnun dags. 6. maí 2019 og Veðurstofa Íslands dags. 16. maí 2019. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 17. maí 2019 og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. maí 2019. Samþykkt með þeim breytingum sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. maí 2019. Vísað í borgarráð.

Björn Ingi Edvardsson verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

13. **Dunhagi, Hjarðarhagi, Tómasarhagi,** Mál nr. SN180683
nýtt deiliskipulag
510209-0440 D18 ehf., Borgartúni 24, 105 Reykjavík
440703-2590 THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu er lögð er fram að nýju umsókn THG Arkitekta ehf. dags. 2. október 2018 um nýtt deiliskipulag fyrir svæði sem afmarkast af Dunhaga 18-20, Hjarðarhaga 27-33 og Tómasarhaga 32-46. Í tillögunni felst m.a. niðurrif og uppbygging á lóð nr. 18-20 við Dunhaga auk bílskúrsheimilda á tveimur lóðum, samkvæmt deiliskipulagsuppdr. THG Arkitekta ehf. dags. 11. desember 2018 leiðr. 27. maí 2019. Einnig er lagður fram skuggavarpuppdráttur THG Arkitekta ehf. dags. 1. október 2018, leiðr. 8. febrúar 2019. Jafnframt er lögð fram drög að húsakönnun Borgarsögusafns Reykjavíkur. Tillagan var auglýst frá 26. febrúar 2019 til og með 9. apríl 2019. Eftirtaldir aðilar sendu inn athugasemdir: Sigurður Á Þráinsson og Sólveig K Jónsdóttir, Hjarðarhaga 27, dags. 1. febrúar, Athugasemdir og undirskriftir 23 aðila að Tómasarhaga 32, Arnargötu 14, Dunhaga 19,21 og 23, Fálkagötu 25, 27 og 34, dags. 7. febrúar 2019, Athugasemdir og undirskriftir 5 aðila að Tómasarhaga 32,34,35,37 og 39, Athugasemdir og undirskriftir frá íbúum og eigendum Hjarðarhaga 27, dags. 7. febrúar, Áslaug Árnadóttir f.h. Árna Kolbeinssonar, Tómasarhaga 34, dags. 7. febrúar 2019, Einar Ólafsson, Tómasarhaga 32, dags. 8. febrúar 2019, ASK Arkitektar ehf., Páll Gunnlaugsson, f.h. eigenda tveggja íbúða við Tómasarhaga mótt. 19. mars 2019, Þórný Hlynsdóttir dags. 21. mars 2019, Ásdís Schram dags. 7. apríl 2019, Fannar Jónsson og Elísabet S. Auðunsdóttir dags. 8. apríl 2019, Íbúar og eigendur að Hjarðarhaga 27 dags. 8. apríl 2019, Kolbrún Vaka Helgadóttir og Hilmar Guðjónsson dags. 8. apríl 2019, Eva Björk Valdimarsdóttir dags. 9. apríl 2019, Tómas Hansson, dags. 9. apríl 2019 og athugasemdir og undirskriftalisti 49 aðila dags. 9. apríl 2019. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. maí 2019.

Kl. 12:01 vikur Gunnlaugur Bragi Björnsson af fundi.

Kl. 12:02 tekur Pawel Bartoszek sæti á fundinum.

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. maí 2019 samþykkt með fjórum atkvæðum fulltrúa Pírata, fulltrúa Samfylkingarinnar og fulltrúa Viðreisnar. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá. Vísað til borgarráðs.

Hildur Gunnarsdóttir verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

14. **Lækjargata 10 og Skólabrú 2**, kynning (01.141.2) Mál nr. SN190317
- sýning um minjar og aukið veitingarými
630169-2919 Íslandshótel hf., Sigtúni 28, 105 Reykjavík

Lagt fram bréf Ólafs Torfasonar f.h. Íslandshótela og miðborgareigna dags. 15. maí 2019 þar sem óskað er eftir því að kynna fyrir skipulags- og samgönguráð áform um sýningu um minjar að Lækjargötu 10 og Skólabrú 2 og aukið veitingarými.

Lagt fram og kynnt.

Aron Leví Beck víkur af fundi undir þessum lið.

Fulltrúar f.h. Íslandshótels og miðborgareigna Hjörleifur Stefánsson, Björn Skaptason arkitekt, Ólafur Torfason, Davíð Torfi Ólafsson, Þórunn Þorgrímsdóttir og Lilja Grétarsdóttir verkefnastjóri taka sæti á fundinum undir þessum lið.

15. **Héðinsteitur**, kynning Mál nr. SN190301

Kynntar hugmyndir lóðarhafa að uppbyggingu hótels við Héðinsreit.

Fulltrúar Center hotels Jóhannes Þórðarson og Ólafur St. Hauksson og Jón Kjartan Ágústsson verkefnisstjóri taka sæti á fundinum undir þessum lið.

16. **Vegamótastígur 7 og 9**, breyting á (01.171.5) Mál nr. SN190277
skilmálaum deiliskipulags
500191-1049 Arkþing ehf., Bolholti 8, 105 Reykjavík
650417-2910 VMT ehf., Laugavegi 7, 101 Reykjavík

Lögð fram umsókn Birkis Árnasonar dags. 8. maí 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi deiliskipulags reits 1.171.5 vegna lóðanna nr. 7 og 9 við Vegamótastíg. Í breytingunni felst að lóðirnar eru sameinaðar í eina lóð, samkvæmt tillögu Arkþings ehf. dags. 8. maí 2019.

Samþykkt með vísan til a liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs (nú skipulags- og samgönguráðs) án staðfestingar borgarráðs.

Samþykkt að falla frá grenndarkynningu þar sem breyting á deiliskipulagi varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda með vísan til 2.ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Jón Kjartan Ágústsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

17. **Úlfarsárdalur, reitir C1, C2, E og G**, (02.6) Mál nr. SN190322
breyting á deiliskipulagi

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Úlfarsárdals fyrir reiti C1, C2, E og G. Í breytingunni felst að heimildir eru leiðréttar og útskýrðar, samkvæmt uppdr. VA arkitekta ehf. dags. 23. maí 2019.

Samþykkt með vísan til a liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs (nú skipulags- og samgönguráðs) án staðfestingar borgarráðs.

Samþykkt að falla frá grenndarkynningu þar sem breyting á deiliskipulagi varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda með vísan til 2.ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Hrafnhildur Sverrisdóttir verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

18. **Álftamýri 7-9**, breyting á deiliskipulagi (01.280.1) Mál nr. SN180731
490998-2179 Bjarkar ehf, Stigahlíð 59, 105 Reykjavík
691209-1480 Tvíhorf sf., Brúarvogi 1-3, 104 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Gunnars Sigurðssonar dags. 18. október 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir Álftamýri 1-5 og 7-9 vegna lóðarinnar nr. 7-9 við Álftamýri 7-9. Í breytingunni felst m.a. að byggð er ein hæð ofan á núverandi tveggja hæða byggingu og viðbygging á lóðarmörkum lóðar nr. 1-5 við Álftamýri verði hækkuð um tvær hæðir til jafns við aðalhúsið og framlengt að byggingarlínu norðurhlíðar á 2. og 3. hæð, horn jarðhæðar er enn opið, samkvæmt uppdr. Tvíhorf dags. 8. nóvember 2018, síðast br. 14. maí 2019. Tillagan var auglýst frá 4. mars 2019 til og með 15. apríl 2019. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: íbúar og eigendur að Álftamýri 15-27 dags. 13. mars 2019 og Ásberg K. Ingólfsson og Þórhildur Guðmundsdóttir dags. 15. apríl 2019. Einnig er lagt fram samþykki meðlóðarhafa dags. 27. apríl 2018. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 26. apríl 2019 og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. maí 2019.

Samþykkt með þeim breytingum sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. maí 2019.

Vísað til borgarráðs.

Sólveig Sigurðardóttir verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

19. **Mjölnisholt 4, 6, 8 og 10**, breyting á (01.241.0) Mál nr. SN180046
deiliskipulagi
461212-1740 Arctic Tours ehf., Hagamel 34, 107 Reykjavík
460902-2150 K.J. hönnun ehf, Kringlunni 7, 123 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Kjartans Hafsteins Rafnssonar f.h. Arctic Tours ehf. dags. 23. janúar 2018, varðandi breytingu á deiliskipulagi Hampiðjureits vegna lóðanna nr. 4, 6, 8 og 10 við Mjölnisholt. Í umsókn um breytingunni fólst að hækka húsin um 46-60 cm, sameina lóðirnar nr. 6 og 8 og byggja sameiginlegan stigagang/lyftuhús, gera niðurgrafna bílgeymslu á lóðunum nr. 6, 8 og 10, útbúa bílastæði fyrir rafmagnsbíl í bakgarði lóðar nr. 4 og geymsluskúr á baklóð lóðar nr. 6, samkvæmt uppdr. K.J. hönnunar ehf. dags. 19. janúar 2018, síðast breytt 23. mars 2018. Í breyttri tillögu felst að leiðrétta mænishæðir húsanna þannig að rishæðir nýtist fyrir íbúðir, mænishæðir hækka um 0,5 -2,3 m. Einnig bætist við heimild fyrir 35 m² geymsluskúr á lóðinni nr. 6 og leiðréttar eru upplýsingar um byggingarmagn geymsluskúra á lóðum nr. 8 og 10. Einnig lagt fram bréf Kjartans Ingvarssonar dags. 14. júní 2018 og breyttur uppdráttur K.J. hönnunar ehf. dags. 13. júní 2018 þar sem óskað er eftir afstöðu til breyttrar tillögu. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 29. júní 2018. Jafnframt er lagt fram bréf Kjartans Ingvarssonar f.h. Arctic Tours ehf. dags. 16. nóvember 2018 um enduruppöku á ákvörðun skipulagsfulltrúa frá 29. júní 2018 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. janúar 2019. Tillagan var grenndarkynnt frá 4. febrúar 2019 til og með 4. mars 2019. Eftirtaldir aðilars sendu athugasemdir: Hrönn Vilhelmsdóttir og Þórólfur Antonsson dags. 25. febrúar 2019 og Páll V. Bjarnason f.h. RA 5 ehf. dags. 1. mars 2019. Tillagan var grenndarkynnt að nýju frá 17. apríl 2019 til og með 15. maí 2019. Engar athugasemdir bárust við seinni grenndarkynningunni. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 17. maí 2019 og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. maí 2019.

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. maí 2019 samþykkt með fjórum atkvæðum fulltrúa Pírata, fulltrúa Samfylkingarinnar og fulltrúa Viðreisnar. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá.

Vísað til borgarráðs.

Lilja Grétarsdóttir verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

20. **Grundarstígur 7**, breyting á (01.184.0) Mál nr. SN190048
deiliskipulagi
260388-2319 Árni Guðjónsson, Grundarstígur 7, 101 Reykjavík
531107-0550 Arkís arkitektar ehf., Kleppsvegi 152, 104 Reykjavík

Lögð fram umsókn Arkís arkitekta ehf. dags. 22. janúar 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Bergstaðastrætisreits, reitur 1.184.0 vegna lóðarinnar nr. 7 við Grundarstíg. Í breytingunni felst að lóðinni er skipt upp í tvær lóðir Grundarstígur 7 og 7B, kvöð er á lóðinni nr. 7 um umferð, sem og heimild til lagnar fráveituheimæðar og annarra lagna, leyfilegt nýtingarhlutfall lóðanna tveggja er aukið, byggingarreitur bílskúrs á lóð 7B stækkar og heimilt er að fjarlægja bílskúr og reisa innan byggingarreitsins íbúðarhús, kjallara og hæð, allt að 120 fm., samkvæmt uppdr. Arkís arkitekta ehf. dags. 27. maí 2019.
Frestað.

(B) Byggingarmál

21. **Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa**, Mál nr. BN045423
fundargerð

Fylgiskjal með fundargerð þessari er fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 1020 frá 14. maí 2019 og fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 1021 frá 21. maí 2019.
Lagt fram.

22. **Bergstaðastræti 29**, Nýbygging (01.184.413) Mál nr. BN055324
040474-5019 Guðmundur Aðalsteinsson, Danmörk,
Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 23. október 2018 þar sem sótt er um leyfi til byggja mhl. 02 sem er tveggja hæða steinsteypt íbúðarhús með kjallara á lóð nr. 29 við Bergstaðastræti. Erindi var grenndarkynnt frá 5. nóvember 2018 til og með 3. desember 2018. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Húseigendafélagið f.h. Telmu Hrund Jóhannesdóttur dags. 29. nóvember 2018, Brynja Aðalsteinsdóttir dags. 30. nóvember 2018, Berglind Sigurðardóttir f.h. eigenda að Bergstaðastræti 31A og Helga Berglind Atladóttir og Bjarni Már Bjarnason dags. 1. desember 2018, Sigurður Atli Atlason dags. 2. desember 2018 og Halldóra Jónsdóttir, Sigurður Páll Árnason, Ísold Jakobsdóttir og Benedikt Óttar Snæbjörnsson dags. 3. desember 2018. Einnig er lagður fram uppdráttur/sniðmyndir GRÍMA-arkitekta dags. 21. desember 2018 og umsógn Minjastofnunar Íslands dags. 11. janúar 2019. Jafnframt eru lagðir fram lagfærðir uppdættir GRÍMA-arkitekta ehf. dags. 16. maí 2019. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 7. desember 2018 og er nú lagt fram að nýju.
Stærð mhl.02: 226,7 ferm., 682,4 rúmm. Gjald kr. 11.000
Frestað.

(E) Samgöngumál

23. **Miðbakki**, Safnstæði Mál nr. US190178

Lagt er fram bréf dags. 27. maí 2019 vegna safnstæði fyrir hóp bifreiðar að Miðbakka.
Frestað.

(D) Ýmis mál

24. **Umhverfis- og skipulagssvið,** Mál nr. US130045
innkaupaskýrsla (USK2015020003)
- Lagt fram yfirlit yfir viðskipti umhverfis- og skipulagssviðs við innkaupadeild í apríl 2019.
Lagt fram.
25. **Stjórnarráðsreitur,** bréf Mál nr. SN190284
framkvæmdasýslu ríkisins
- Lagt fram bréf framkvæmdasýslu ríkisins dags. 10. maí 2019 varðandi deiliskipulagsafmörkun á Stjórnarráðsreit
Vísað til skrifstofu umhverfis- og skipulagssviðs.
26. **Köllunarklettsvegur 3-5,** Bréf Mál nr. US190176
Faxaflóahafna
- Lagt fram bréf Faxaflóahafna dags. 17. maí 2019 þar sem óskað er eftir umsögn varðandi íbúðarhúsnæði til skammtímanota á Köllunarklettsvegi 3-5.
Vísað til skrifstofu umhverfis- og skipulagssviðs.
27. **Betri Reykjavík/ þín rödd,** Bæta Mál nr. US190169
gönguljós við Sæbraut-Sægarða
- Lagt fram erindið "Bæta gönguljós við Sæbraut-Sægarða" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík/þín rödd þann 30. apríl 2019. Erindið var efsta hugmynd aprílmánaðar á samráðsvefnum ásamt því að vera efst í málaflokknum samgöngur.
Vísað til meðferðar hjá umhverfis- og skipulagssviði, skrifstofu samgöngurstjóra.
28. **Betri Reykjavík/ þín rödd,** Betri Mál nr. US190170
ruslafötur í Laugardal
- Lagt fram erindið "Betri ruslafötur í Laugardal" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík/þín rödd þann 30. apríl 2019. Erindið var næst efsta hugmynd aprílmánaðar á samráðsvefnum.
Vísað til meðferðar hjá umhverfis- og skipulagssviði, skrifstofu reksturs og umhirðu.
29. **Betri Reykjavík/ þín rödd,** Hjólastígar í Mál nr. US190171
Google Maps
- Lagt fram erindið "Hjólastígar í Google Maps" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík/þín rödd þann 30. apríl 2019. Erindið var þriðja efsta hugmynd aprílmánaðar á samráðsvefnum.
Vísað til meðferðar hjá umhverfis- og skipulagssviði, skrifstofu samgöngurstjóra.
30. **Betri Reykjavík/ þín rödd,** Lengri og Mál nr. US190172
bjartari götulýsing
- Lagt fram erindið "Lengri og bjartari götulýsing" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík/þín rödd þann 30. apríl 2019. Erindið var fjórða efsta hugmynd aprílmánaðar á samráðsvefnum.
Vísað til meðferðar hjá umhverfis- og skipulagssviði, skrifstofu reksturs og umhirðu.

31. **Betri Reykjavík/ þín rödd**, Strætóakrein á Sæbraut Mál nr. US190173

Lagt fram erindið "Strætóakrein á Sæbraut" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík/þín rödd þann 30. apríl 2019. Erindið var fimmta efsta hugmynd aprílmánaðar á samráðsvefnum. Vísað til meðferðar hjá umhverfis- og skipulagssviði, skrifstofu samgöngustjóra.

32. **Betri Reykjavík/ þín rödd**, Hundagerði við skíðabrekkuna í Grafarvogi Mál nr. US190174

Lagt fram erindið "Hundagerði við skíðabrekkuna í Grafarvogi" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík/þín rödd þann 30. apríl 2019. Erindið var efst í málaflokknum skipulagsmál. Vísað til meðferðar hjá umhverfis- og skipulagssviði, skrifstofu reksturs og umhirðu.

33. **Betri Reykjavík/ þín rödd**, Bakkar; laga gangstéttar og göngustíga Mál nr. US190175

Lagt fram erindið "Bakkar; laga gangstéttar og göngustíga" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík/þín rödd þann 30. apríl 2019. Erindið var efst í málaflokknum umhverfismál. Vísað til meðferðar hjá umhverfis- og skipulagssviði, skrifstofu reksturs og umhirðu.

34. **Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins**, stígar í nágrenni við Bryggjuhverfi Mál nr. US190152

Lögð fram tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins þar sem lagt er til að ráðist verði í stíga fyrir gangandi og hjólandi í nágrenni Bryggjuhverfis. Tillögunni fylgir greinargerð. Frestað.

35. **Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins**, hjólreiðahraðareglur Mál nr. US190147

Á fundi borgarráðs 2. maí 2019 var eftirfarandi tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins vísað til skipulags- og samgönguráðs.

Flokkur fólksins leggur til að settar verði hjólreiðahraðareglur í borginni þar sem þess þarf og það er eflaust víða. Nú með hækkandi sól eykst umferð hjólandi, gangandi og hlaupandi. Fjöldmörg dæmi eru um að hjólreiðamenn hjóla allt of hratt þegar þeir fara fram úr öðrum hjólreiðarmönnum og gangandi vegfarendum. Margir gangandi og einnig hjólreiðarmenn eru með hundinn sinn sér við hlið. Dæmi eru um að hjólreiðamenn hafi þotið fram hjá á ca 60 km+. Hvað gerist t.d. ef 80 kg hjólreiðamaður lendir á fólki eða dýrum á 60 km hraða. Ástandið er þannig víða að það er ekki spurning um hvort verður slys heldur hvenær. Nefna má staði eins og Víðidal. Að sunnanverðu er víða mjög blint vegna trjáa. Engu að síður hjóla sumir á ógnarhraða og taka hiklaust fram úr öðrum hjólandi og gangandi stundum á ógnarhraða. Ástandið í Víðidal er alvarlegt hvað þetta varðar og án efa er það víðar í borginni. Hér verður að grípa til aðgerða með því að setja hámarkshraða, hraðahindranir þar sem það á við og að aðskilja keppnishjólréiðar og gangandi vegfarendur þar sem það er nauðsynlegt.

Vísað til umsagnar hjá umhverfis- og skipulagssviði, skrifstofu samgöngurstjóra.

36. **Tillaga Flokks fólksins,** Mál nr. US190066
bifreiðastæðaklukkan í miðborg
Reykjavíkur.

Lögð fram tillaga Flokk fólksins um að teknar verði upp bifreiðastæðaklukkan í miðborg Reykjavíkur.

Lagt er til að Reykjavíkurborg innleiði bifreiðastæðaklukkan í þar til gerð merkt stæði í miðbænum og nágrenni hans. Bifreiðaklukkan eða framrúðuskífa eins og oft er kallað gæti komið að gagni ekki einungis í miðbænum heldur líka næst háskólanum og víðar. Framrúðuskífan er notuð mjög víða á meginlandinu einmitt í borgum á stærð við Reykjavík. Framrúðuskífa hentar sérlega vel ekki bara fyrir borgir af þessari stærðargráðu heldur einnig á svipaðri breiddargráðu og Reykjavík. Misjafnt yrði eftir stæðum hversu lengi má leggja, frá einni upp í tvær klst. eftir því hve nálægt miðbænum stæðið er. Leyfilegur tími er tilgreindur á skiltum við stæðin. Sé bifreið lagt lengur en heimilt er, klukka rangt stillt eða engin klukka sjáanleg í framrúðu er lagt á stöðugjald skv. ákveðinni gjaldskrá. Vísað til umsagnar hjá umhverfis- og skipulagssviði, skrifstofu samgöngustjóra.

38. **Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingar,** Mál nr. US190119
Viðreisnar, Pírata og Vinstri gr,
deilisamgöngur

Lagt fram bréf borgarstjórar dags. 4. apríl 2019 varðandi tillögu borgarfulltrúa Samfylkingar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna um deilisamgöngur. Vísað til umsagnar hjá umhverfis- og skipulagssviði, skrifstofu samgöngustjóra.

39. **Snorrabraut 60,** breyting á (01.193.4) Mál nr. SN180076
deiliskipulagi
681194-2749 Kanon arkitektar ehf, Laugavegi 26, 101 Reykjavík
440417-1240 Snorrahús ehf., Tjarnargötu 28, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 16. maí 2019 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á breytingu á deiliskipulagi Heilsuverndarreits vegna lóðarinnar nr. 60 við Snorrabraut.

40. **Skógarhlíð 22, Þóroddsstaðir,** breyting (01.705.8) Mál nr. SN160912
á deiliskipulagi
450406-0230 VERT ehf., Skógarhlíð 22, 105 Reykjavík
470498-2699 Hornsteinar arkitektar ehf, Ingólfsstræti 5, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 16. maí 2019 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Skógarhlíðar vegna lóðarinnar nr. 22 við Skógarhlíð.

41. **Teigahverfi,** breyting á deiliskipulagi (01.360) Mál nr. SN190278
vegna Kirkjuteigs 24
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 16. maí 2019 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Teigahverfis vegna lóðarinnar nr. 24 við Kirkjuteig.

42. **Héðinsreitur, reitur 1.130.1**, breyting á (01.130.1) Mál nr. SN170526
deiliskipulagi
421003-3430 Teikn arkitektþjónusta ehf, Skipholti 25, 105 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 16. maí 2019 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Héðinsreit.

43. **Fyrirspurn frá fulltrúa Flokki fólksins**, Mál nr. US190179
ólöglegur halli á Hjartagarðinum

Á 38. fundi skipulags- og samgönguráðs sendi áheyrnarfulltrúi Flokk fólksins eftirfarandi fyrirspurn:

Ólöglegur hallir á Hjartagarðinum. Halli frá laugarvegi inn í Hjartagarðinn er langt yfir leyfilegum mörkum og brýtur gegn ákvæðum byggingareglugerðar. Samkvæmt henni er mesti leyfilegi hallinn fimm prósent en hallinn í Hjartagarðinum er 15 prósent. Kemur fram hjá Margréti Lilju Aðalsteinsdóttur aðgengisfulltrúa ÖBI í fjölmiðlum nýlega að slík brot á byggingareglugerðinni séu mun algengari en margur myndi halda. 1. Hver sér um eftirlit með að byggingareglugerðum sé framfylgt? 2. Hver er kostnaður við lagfæringar á slíkum framkvæmdum s.l. fimm ár? 3. Hver ber kostnaðinn? 4. Fjöldi aðgengisframkvæmda í Reykjavík þar sem byggingareglugerðir hafa verið brotnar? 5. Hver hafa viðbröðin verið hjá þeim sem ábyrgðina bera gagnvart kvörnum frá ÖBÍ 6. Hve langan tíma frá því að kvörtun berst og búið er að lagfæra eða afgreiða kvörtunina? Fram kemur í viðtali við Margréti Lilju Aðalsteinsdóttur aðgengisfulltrúa ÖBÍ að halli fyrir fimm prósent hefur mjög mikil áhrif á hreyfihamlað fólk og fólk sem á erfitt með gang og hvað þá þegar hallinn er kominn upp í 15 prósent.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og byggingarfulltrúa.

44. **Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins**, vegna stæða fyrir stór Mál nr. US190180
ökutæki í Hólahverfi Breiðholti og
Reykjavík almennt

Á 38. fundi skipulags- og samgönguráðs sendi áheyrnarfulltrúi Miðflokksins eftirfarandi fyrirspurn:

Fulltrúi Miðflokksins óskar eftir upplýsingum vegna lokunar á stæði fyrir stór ökutæki við Vesturhóla í Hólahverfi Breiðholti, sem lokað var á síðastliðnu ári og hefur skapað vanda fyrir notendur þeirra. 1. Hyggst borgin bjóða önnur úrræði fyrir þá notendur sem þarna misstu aðstöðu? 2. Ef svo er, hversu langt er í að þau úrræði verði tilbúinn til notkunar. 3. Stórbíla stæði það sem lokað var á síðastliðnu ári með hindrunum og stendur nú ónotað. Kemur til greina að opna aftur fyrri notkun þess þar til önnur lausn hefur verið fundin? (stæði stendur í dag ótotað og óhreyft.) 4. Hvaða stórbíla stæði eru í boði í dag í hverfum borgarinnar og hvaða stæði stendur til að taka í notkun? 5. Hefur öðrum stórbíla stæðum borgarinnar verið lokað á síðustu árum? 6. Ef svo er, voru aðrar lausnir fundnar á móti.

Vísað til umsagnar hjá umhverfis- og skipulagssviði, skrifstofu samgöngustjóra.

45. **Tillaga frá fulltrúum
Sjálfstæðisflokksins**, skoðun á kaupum
leiguskápa fyrir reiðhjól

Mál nr. US190181

Á 38. fundi skipulags- og samgönguráðs sendu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins eftirfarandi tillögu:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í skipulags- og samgönguráði óska eftir því að skoðað verði að kaupa leiguskápa fyrir reiðhjól sem hægt er að staðsetja á fjölförnum stöðum. Líkt og við sundlaugar, í bílastæðahúsum og við Nauthólsvík. Við höfum nú þegar ráðist í miklar framkvæmdir til þess að efla hjólreiðar í borginni. Læstir leiguskápar fyrir reiðhjól er hægt að finna víða í löndum í kringum okkur og myndu verða góð viðbót við þá þjónustu sem við veitum þeim fjölmörgu sem velja það að nýta sér hjólreiðar sem ferðamáta í Reykjavík. Frestað.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 14:20.

Fundargerðin lesin yfir og undirrituð

Sigurborg Ósk Haraldsdóttir

Pawel Bartoszek
Hjálmar Sveinsson
Hildur Björnsdóttir

Aron Leví Beck
Marta Guðjónsdóttir
Valgerður Sigurðardóttir

**Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur
byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp
borgarstjórnar**

Árið 2019, þriðjudaginn 14. maí kl. 10:15 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1020. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Sigrún Reynisdóttir, Nikulás Úlfar Másson, Jón Hafberg Björnsson, Skúli Þorkelsson, Erna Hrönn Geirsdóttir og Olga Hrund Sverrisdóttir. Fundarritari var Erna Hrönn Geirsdóttir.

Þetta gerðist:

Nýjar/br. fasteignir

1. **Aðalstræti 10** (01.136.504) 100594 Mál nr.
BN055993
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að tengja sýningarrými í Aðalstræti 10 og 16 með því að gera op í fullri breidd tengigangs í kjallara Aðalstrætis 10, koma fyrir pallalyftu í húsi nr. 10 og innrétt ganginn sem sýningarrými.
Erindi fylgir minnisblað um brunavarnir dags. 23. mars 2019 og samþykki eigenda Íslandshótela dags. 9. júlí 2018.
Gjald kr. 11.200
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Þinglýsa skal kvöð um opnun yfir lóðarmörk á milli Aðalstrætis 10 og 16 áður en byggingarleyfi er gefið út. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
2. **Aðalstræti 16** (01.136.506) 100596 Mál nr.
BN055994
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að tengja sýningarrými í Aðalstræti 10 og 16 með því að gera gera op í fullri breidd tengigangs í kjallara Aðalstrætis 10, koma fyrir pallalyftu í húsi nr. 10 og innrétt ganginn sem sýningarrými á lóð nr. 16 við Aðalstræti.
Erindi fylgir brunahönnun frá EFLU dags. 23. mars 2019 og samþykki eigenda Íslandshótela dags. 9. júlí 2018.
Gjald kr. 11.200
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Þinglýsa skal kvöð um opnun yfir lóðarmörk á milli Aðalstrætis 10 og 16 áður en byggingarleyfi er gefið út. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
3. **Arkarvogur 2** (01.451.401) 105601 Mál nr.
BN056087
710817-0810 ÞG hús ehf., Lágmúla 7, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN054742 þannig að minni háttar breytingar eru gerðar á burðarvirki, innra skipulagi íbúða og opnanlegum fögum glugga er breytt, gluggar og svalir eru færð, baðherbergjum fækkað, þakkantur hækkaður um 13 cm. á byggingareit 4A og þaksvölum bætt við fjölbýlishús á lóð nr. 2 við Arkarvog.
Erindi fylgir bréf og yfirlit yfir breytingar frá hönnuði ódagsett.
Breyttar stærðir, A-rými: 23.389,4 ferm., 77.617,3 rúmm.
B-rými: 762,4 ferm.
Samtals: 24.151,8 ferm., 77.617,3 rúmm.
Stækkun: 31,1 ferm., 111,1 rúmm.
Gjald kr. 11.200
Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.

Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífarnar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins.

Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

4. **Austurbakki 2** (01.119.801) 209357 Mál nr.
BN056181

471008-0280 Landsbankinn hf., Austurstræti 11, 155 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN055542 þannig að breytt er innra skipulagi á 1., 2. hæð og í báðum kjöllum Landsbankans á lóð nr. 2 við Austurbakka.

Erindi fylgir brunahönnun frá EFLU dags. 7. maí 2019.

Gjald kr. 11.200

Frestað.

Á milli funda.

5. **Austurstræti 3** (01.140.213) 100834 Mál nr.
BN056178

521288-1409 Fitjaborg ehf, Háholti 8, 210 Garðabær

Sótt er um leyfi til að innrétta veitingastað í flokki III, teg. skemmtistaður á 2. og 3. hæð húss á lóð nr. 3 við Austurstræti.

Erindi fylgir minnisblað um brunavarnir frá EFLU dags. 15. mars 2019.

Gjald kr. 11.200

Frestað.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa og til athugasemda.

6. **Austurstræti 10A** (01.140.406) 100849 Mál nr.
BN055970

660411-1350 H.G.G. - Fasteign ehf., Sómatúni 6, 600 Akureyri

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN055273 vegna lokaúttektar í húsi á lóð nr. 10A við Austurstræti.

Gjald kr. 11.200 + 11.200

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

7. **Austurstræti 12** (01.140.407) 100850 Mál nr.
BN055969

530117-0650 Reitir - verslun ehf., Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN055274 vegna lokaúttektar í húsi á lóð nr. 12 við Austurstræti.

Gjald kr. 11.200 + 11.200

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

8. **Árleynir 22** (02.920.001) 109210 Mál nr.
BN055600

580607-0710 Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Árleyni 2-8, 112 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi 1. hæðar í mhl. 15 og koma fyrir nýjum glugga og hurð á suðvesturhlið álmunnar í húsi nr. 8 á lóð nr. 22 við Árleyni.

Erindi fylgir teikning 1. hæðar í stærð A3 með afmörkun á áður gerðum breytingum, umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 10. apríl 2019 og yfirlit yfir áður gerðar ósamþykktar breytingar.

Gjald kr. 11.000

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrðaraðilar.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

9. **Árskógar 2-8** (04.911.301) 112543 Mál nr.
BN056121

510293-2079 Árskógar 6-8, húsfélag, Árskógum 6, 109 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta skráningu salar á 1. hæð í mhl. 01, merkt 0103 og húsvarðaríbúðar á 1. hæð í mhl. 03, merkt 0101 þannig að þessi rými verði séreign húsfélagsins í fjölbýlishúsi á lóð nr. 6-8 við Árskóga.

Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 16. apríl 2019.

Gjald kr. 11.200

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Skilyrt er að eignaskiptayfirlýsingu vegna breytinga í húsinu sé þinglýst til þess að samþykktin öðlist gildi.

10. **Barmahlíð 46** (01.710.107) 107147 Mál nr.
BN056077

111271-2329 Christophe Sebastien Pampoulie, Barmahlíð 46, 105 Reykjavík

220572-2429 Valerie Chosson, Barmahlíð 46, 105 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í búð 0101 í húsi á lóð nr. 46 við Barmahlíð.

Erindinu fylgir umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 9. maí 2019 og samþykki meðeigenda mótt. 9. maí 2019.

Gjald kr. 11.200

Frestað.

Vísað til athugasemda.

11. **Básendi 12** (01.824.015) 108387 Mál nr.
BN056156

071062-3689 Sveinn Óskar Þorsteinsson, Brúnastaðir 59, 112 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að byggja staðsteyptan bílskúr við fjölbýlishús á lóð nr. 12 við Básenda.

Stærð: 71,4 ferm., 221,2 rúmm.

Gjald kr. 11.200

Frestað.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

12. **Borgartún 35-37** (01.219.102) 186012 Mál nr.
BN055929
530292-2079 Origo hf., Borgartúni 37, 105 Reykjavík
530117-0730 Reitir - skrifstofur ehf., Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að koma fyrir auglýsingaskilti á suður- og norðurhlið mhl. 01 á lóð 35-37 við Borgartún.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 10. maí 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. maí 2019.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda og með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 10. maí 2019.
13. **Brautarholt 2** (01.241.201) 103019 Mál nr.
BN056123
020861-7469 Ingunn Helga Hafstað, Blönduhlíð 7, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN051678 þannig að gerðar eru nýjar dyr út í bakgarð og nýir gluggar á framhlið, gert er gat í vesturvegg anddyris og innréttuð setustofa gesta, geymslur á 1. hæð eru fjarlægðar og komið fyrir geymsluskápum í íbúðum innréttuð starfsmannaaðstaða í ónýttu rými í vesturhluta 1. hæðar og afmörkuð séreign 0102 í austurhluta 1. hæðar gististaðar í flokki II á lóð nr. 2 við Brautarholt.
Erindi fylgir umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 17. apríl 2019.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
14. **Brautarholt 26-28** (01.250.103) 103423 Mál nr.
BN056191
561208-0690 Karl Mikli ehf., Kirkjustétt 28, 113 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að skipta verslunarrými á 1. hæð í tvennt og breyta gluggum og hurðum á 1. hæð húss á lóð nr. 26-28 við Brautarholt.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
15. **Brúnaland 2-40 3-21** (01.852.002) 108765 Mál nr.
BN056159
220352-2779 Kristín Auður Sophusdóttir, Ánaland 6, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN052548 þannig að settur verður steypur stigi frá kjallara upp á lóð við austurhlið húss nr. 21 við Brúnaland.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
16. **C-Tröð 1** (04.765.401) 112483 Mál nr.
BN055076
591112-0820 Heimahagi Hrossarækt ehf., Hafnarstræti 97, 600 Akureyri
Sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu við hesthús byggt á steypum undirstöðum og timburvirki að ofan auk þess að rífa hluta af austurhluta núverandi byggingar á lóð nr. 1 við C-Tröð í Víðidal.
Stækkun: xx ferm., xx rúmm.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda.

17. **Döllugata 10** (05.113.709) 214848 Mál nr.
BN055841
220856-7049 Anna Ingibjörg Hjaltalín, Smárarími 44, 112 Reykjavík
020259-4859 Stefán Gunnar Jósafatsson, Smárarími 44, 112 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja staðsteypt einbýlishús á tveimur hæðum með auka íbúð og innbyggðri bílgeymslu á lóð nr. 10 við Döllugötu.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 12. apríl 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. apríl 2019.
Stærð: A-rými: 340,4 ferm., 1.147,2 rúmm.
B-rými: 87,7 ferm., 215,7 rúmm.
Samtals: 428,1 ferm., 1.362,9 rúmm.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
18. **Efstaleiti 19** (01.745.201) 224636 Mál nr.
BN055992
681015-5150 Skuggi 4 ehf., Hlíðasmára 2, 201 Kópavogur
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN052547 v/lokaúttektar þannig að gerð er grein fyrir breytingum sem orðið hafa á byggingartíma s.s. breytt staðsetning á nokkrum svölum, fyrirkomulagi geymsla í kjallara hefur verið breytt og stigar og yfirborðsefni þaksvala hefur verið samræmt við brunahönnun fjölbýlishúsa við Lágaleiti 1, 2, 3, 4, 5, 7 og 9 og Vörðuleiti 2 á lóð nr. 19 við Efstaleiti.
Gjald: kr. 11.200
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.
Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.
Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífnaðar áður en þær yfirgefa byggingarstað.
Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins. Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins.
19. **Efstaleiti 19** (01.745.201) 224636 Mál nr.
BN056179
711296-5069 Borgartún ehf., Háuhlíð 16, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að sameina tvær íbúðir á 6. hæð, breyta inngangi frá stigahúsi og koma fyrir brunaslúsu og byggja EI60 vegg framan við lyftu með inngangshurð í íbúð 0601 í mhl. 02, sem er Efstaleiti 21 á lóð nr. 19 við Efstaleiti.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Lagfæra skráningu.
20. **Efstasund 22** (01.355.208) 104348 Mál nr.
BN056136
270871-2919 Rannveig Sverrisdóttir, Efstasund 22, 104 Reykjavík
301274-4249 Kjartan Þórðarson, Efstasund 22, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu úr timbri, klædda áli, með einhalla þaki, við hús á lóð nr. 22 við Efstasund.

Erindinu fylgir umboð eigenda til hönnuða dags. 15. apríl 2019, hæða- og mæliblað og fylgirit með skýringu á breytingum í stærð A4 frá hönnuðum.

Gjald kr. 11.200

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

21. **Fellsmúli 5-11** (01.294.302) 103829 Mál nr.
BN056064

600219-0140 Fellsmúli 9-11, húsfélag, Fellsmúla 11, 108 Reykjavík

